

## 2. fréttabréf Fjölbreytni í fyrirrúmi



### Um verkefnið

Verkefnið Fjölbreytni í fyrirrúmi (e. Diversity Inside Out) miðar að því að mæta þörfum vinnumarkaðarins með því að auka vitund um nauðsyn fjölbreytts vinnuaflds og veita tækifæri til að hlúa að sköpunarkrafti og nýsköpun þar sem fjölbreytt sjónarmið eru virt og metin að verðleikum. Verkefnið byggir á viðskiptatækifæris-greiningum (e. Business Case) til að skilja ferla og kerfi sem tryggja að hæfileikar og þekking einstaklinga, stjórnenda og starfsmanna fái notið sín sem best, með því að stuðla að andrúmslofti inngildingar og samþykkis á vinnustöðum.



Góð mæting var á námskeiðin á Akureyri.

### Góð þátttaka á námskeiðum

Annar hluti verkefnisins var að prufukeyra námskeið um fjölbreytni á vinnustöðum. Á námskeiðinu var farið yfir margskonar efni sem varða fjölbreytileika. Þátttakendur fengu innsýn í stefnur og strauma, áskoranir og tækifæri og hvernig má takast á við breytingar. Einnig voru tækifæri til tengslamyndunar við aðra stjórnendur og að auka þekkingu sína á fjölbreytileika og inngildingu.

Námskeiðinu var skipt upp í eftirfarandi 4 lotur:

1. Ávinningur af fjölbreyttum starfshóp fyrir stofnanir og einstaklinga
2. Sálfræði „öðrunar“
3. Jákvæð inngrip til að stuðla að velferð fjölbreytts hóps starfsfólks
4. Breytingar og áskoranir eftir Covid hjá vinnustöðum með fjölbreyttan hóp starfsfólks

"The European Commission support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein."

Funded by the  
Erasmus+ Programme  
of the European Union



# Fjölbreytnisþjöldin stóðu upp úr

Fjölbreytnisþjald - 12



## HALLDÓRA

GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

ALDUR 24

KYN Kona

ÞJÓÐERNI Íslensk

FJÓLSKYLDUADSTÆÐUR Í sambúð með konu. Er greind með einhverfu, ADHD og endómétríösu.

STARF/FERILL Er grafískur hönnuður hjá hönnunarstofu. Fer g örö af henni sem hönnuði.

### VIÐHORF OG TILFINNINGAR

- Oft mjög verkjuð og greiningarferlið hefur dregið hana niður andlega.
- Gerir miklar kröfur til sín og vill gera allt 100%.
- Fjarvera hennar og að þufa að sleppa tókunum á verkefnum hefur reynst henni erfitt.
- Hefur þróað með sér þunglyndi og kvíða.
- Gekki í samtök um endómétríösu og fær þar stuðning en óttast að enda á örorku og endurhæfingarlífeyri eða jafnvel detta alveg út af vinnumarkaði.

### HVATNING

- Finnst gaman að vinna sem grafískur hönnuður og hefur fengið verðlaun fyrir markaðsefni.
- Langar að landa fleiri stórum viðskiptavinum.
- Hún bindur vonir við að komast fjötlegra í aðgerð og fá aftur fulla starfsorku.

### VINNUADSTÆÐUR

- Vinnur við grafíska hönnun á hönnunarstofu.
- Ber ábyrgð á verkefnum gagnvart stórum viðskiptavinum ásamt samstarfsfélaga sínum.
- Hún hefur rætt við samstarfsfélaga sinn sem hefur sýnt henni mikinn stuðning og tekið að sér að leiða verkefnið.
- Hún mundi stýra því öðruvísi og það truflar hana hversu óskipulagður samstarfsfélaginn er.
- Hún hefur reynt að skipta sér ekki af mikni af þar sem hann er að gera henni greiða en það hefur stundum reynst henni erfitt.



### NÚVERANDI ÁSKORANIR

Mikil veikindi hafa hrjóð hana og hún hefur verið í rannsóknnum reglulega en ekkert fannst við fyrstu. Var að fá greiningu og hún er með endómétríösu sem veidur henni miklum verkjum. Það er mikil bið í kerfinu eftir úrræðum. Er á biðlista eftir aðgerð.

Hún hefur verið mikni frá vegna veikinda og henni finnst yfirmaður hennar ekki sýna því skilning. Það breyttist þó smá þegar hún fékk greininguna og lét yfirmann sinn vita. Er mjög kvíðin þegar hún þarf að tilkynna veikindi.

Einhverfan hennar lýsir sér mikni í fullkomnaráttu og að allt sé mjög nákvæmt og unnið á sama hátt. Þegar það er ekki gert fer hún alveg í kerfi og á erfitt með að vinna ofan því.

Fjölbreytnisþjöldin voru kynnt á námskeiðinu og má með sanni segja að þau hafi staðið upp úr hjá þátttakendum. Unnið var með þau í hópum og svo voru umræður á eftir.

Spjöldin bjóða upp á sögur, sviðsmyndir og spurningar sem ætlað er að nota til að hvetja til líflegar umræðu og samræðu um fjölbreytni. Þau eru hugsuð sem grunnur að samtali um þau vandamál sem tengjast fjölbreytni og inngildingu á vinnustaðnum, s.s. mismunun á grundvelli kynþáttar, fötlunar, aldurs, kyns, kyngervis, kynhneigðar, breytingaskeiðs og viðveru, auk margþátta mismununar, umönnunar fjölskyldumeðlima og vanda tengdum því að vera foreldri.

Spjöldin eru hagnýtt verkfæri sem nota má til fræðslu og til að skapa umræðu um fjölbreytni á vinnustað. Þau geta einnig verið innlegg í umræður um raunveruleg vandamál sem kunna að hafa komið upp og valdið misskilningi eða átökum. Auk þess munu fjölbreytnisþjöldin vekja athygli á mikilvægi umræðu um fjölbreytni og jákvæð áhrif hennar á bæði fyrirtæki og starfsfólk.

Spjöldin ásamt ítarefni til þjálfunar eru aðgengileg öllum til afnota á vefsíðu Jafnréttisstofu [hér](#).

